

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

*Deiliskipulag við Rauðagerði.*

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á 1626. fundi sínum 29. apríl 2026 tillögu að nýju deiliskipulagi við Rauðagerði.

Deiliskipulagið tekur til um 2.0 ha reits sem afmarkast af Hásteinsvegi, Boðaslóð, Bessastíg og Heiðarvegi. Á lóðinni Boðaslóð 8-10 er gert ráð fyrir fjórum litlum fjölbýlishúsum með samtals 16-18 íbúðum, bílakjallara fyrir allt að 16 bíla og breyttri legu gangstéttar við Boðaslóð til að koma fyrir skábílastæðum. Auk þess er gert ráð fyrir viðbyggingu við Hásteinsveg 43, bílskúr við Boðaslóð 7 og heimild til að lyfta mænispaki við Hásteinsveg 39. Þá eru settir almennir skilmálar fyrir svæðið, m.a. um girðingar, skjólveggi, garðskúra, smáhýsi og sorpskýli.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 8. júní 2026.*

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,  
**Dagný Hauksdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 19. júní 2026